

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um
Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. e bætist við ný grein, 1. gr. f, sem orðast svo:

Með vísan til reglugerðar nr. 230/1997 um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, birtist hér sem fylgiskjal [reglugerð framkvæmdastjórnarinnar \(EB\) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994](#) um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 (17/62).

Sú breyting felst í reglugerð þessari að [reglugerð nr. 3385/94](#) verður ekki birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og er því birt hér í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48 gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.